

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1971

9. júní 1971.

221

Nr. 104.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi af Stórhólshverfi í Húsavíkurkaupstað.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 8. júní 1971 staðfest deiliskipulag af Stórhólshverfi í Húsavíkurkaupstað.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir, og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Húsavíkur og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

16. júní 1971.

Nr. 105.

GJALDSKRÁ

fyrir Reykjavíkurflugvöll.

1. gr.

Lendingargjöld.

Lendingargjöld skal miða við leyfðan hámarkspunga flugvélarinnar (Aircraft Gross Weight) og reiknast brot úr tonni sem heilt tonn.

A. Innanlandsflug:

Fyrir landingar á flugvællinum skal greiða kr. 22.00 fyrir hvert tonn flugvélarinnar, allt að 20 tonnum, en kr. 11.00 fyrir hvert tonn umfram 20. Minnsta gjald er kr. 36.00.

B. Millilandaflug:

Í millilandaflugi skal fyrir hverja landingu greiða landingargjald sem hér segir:

kr. 307.70 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega allt að 14 tonnum.

— 254.90 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 15 til 29 tonn.

— 224.10 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 30 til 49 tonn.

— 211.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 50 tonn og þar yfir.

2. gr.

Flugskýlisleigur.

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 130.00 á fermetra. Fyrir hluta úr skýli reiknast leigan kr. 18.00 á fermetra á mánuði, en kr. 180.00 á fermetra á ári, ef leigt

B 29

er til eins árs í senn eða lengur. Ef einstakar flugvélar eru teknar til geymslu í skýlum flugvallarins, reiknast flugskýlisleiga sem hér segir:

A. Innanlandsflug:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring	Leiga á mánuði
undir 12 m	kr. 36.00	kr. 360.00
12—15 —	— 90.00	— 720.00
15—18 —	— 144.00	— 1 080.00
18—21 —	— 198.00	— 1 440.00
21—24 —	— 252.00	— 1 800.00
24—27 —	— 288.00	— 2 160.00
27—30 —	— 324.00	— 2 520.00
yfir 30 —	— 360.00	— 3 600.00

B. Millilandaflug:

Vænghaf flugvélar	Flugskýlisleiga á sólarhring
undir 12 m	kr. 119.00
12—15 —	— 297.00
15—18 —	— 476.00
18—21 —	— 654.00
21—24 —	— 833.00
24—27 —	— 952.00
27—30 —	— 1 071.00
yfir 30 —	— 1 190.00

3. gr.**Stæðis- og festargjöld.**

Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst., eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld, sem hér segir:

A. Innanlandsflug:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring
undir 12 m	kr. 36.00
12—18 —	— 72.00
18—24 —	— 108.00
24—30 —	— 144.00
yfir 30 —	— 162.00

B. Millilandaflug:

Vænghaf flugvélar	Leiga á sólarhring
undir 12 m	kr. 94.50
12—18 —	— 190.00
18—24 —	— 284.00
24—30 —	— 377.50
yfir 30 —	— 425.50

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöldin um 50% fyrir þann tíma, sem fram yfir er.

4. gr.**Leiga fyrir skemmur og bragga.**

Mánaðarleiga kr. 6.30 fyrir fermetra af gólfleti eða sem hér segir:

Stór vöruskemma 300 m ²	kr. 1 800.00 á mánuði
Stórir braggar 110 m ²	— 684.00 á mánuði
Venjulegir braggar 55 m ²	— 342.00 á mánuði

5. gr.

Lóðaleigur.

Ársleiga kr. 7.00—25.00 á fermetra eftir verðmæti lóðarinnar, til hvers hún er notuð og leigutíma.

6. gr.

Þjónustu- og aðstoðargjald.

Greiða skal þjónustu- og aðstoðargjald af erlendum flugvélum, er um flugvöllinn fara, öðrum en þeim sem afgreiddar eru af Flugfélagi Íslands hf. Miðast gjaldið við mesta leyfðan flugtaksþunga flugvélna og er kr. 350.00 fyrir hvert tonn.

Minnsta gjald er kr. 350.00.

7. gr.

Gjald af flugvélabenzíni í innanlandsflugi.

Af öllu flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvellið eða frá honum til notkunar í innanlandsflugi, skal greiða flugvellið gjald sem hér segir:

Á hvern benzínlítra	kr. 0.324
Á hvert U. S. Gallon	— 1 224

8. gr.

Gjöld af sjóflugvélum.

Sjóflugvélar er lenda á Skerjafirði skulu greiða sambærileg gjöld og landflugvélar á flugvellið.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík og Flughöfnina í Skerjafirði, nr. 26 31. janúar 1967 og með síðari breytingum, sbr. auglýsingar nr. 1 4. janúar 1968, nr. 332 31. desember 1968 og nr. 40 28. febrúar 1969.

Samgönguráðuneytið, 16. júní 1971.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T**fyrir Veiðifélag Laxár og Krákár.**

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Laxár og Krákár. Heimili þess og varnarþing er Skútustaðir, Skútustaðahreppi.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Laxá í S.-Þing. frá neðri merkjum Presthvammis þvert yfir ána að Mývatnsósastíflum ásamt Arnarvatnsá, Arnarvatni, Helluvaðsá, Gautlandalæk og Kráká, en þær eru:

Presthvammur, Kasthvammur, Árhvammur, Hólar, Árhólar, Hamar, Hofsstaðir, Nónbjarg, Geirastaðir, Haganes, Arnarvatn, II., III., IV., Litlaströnd, Baldursheimur I. og II., Þórólfsvoll, Heiði, Bjarnastaðir, Gautlönd I. og II., Helluvað I. og II., Laxárakki, Brettingsstaðir, Ljótstaðir, Auðnir, Þverá, Halldórsstaðir I., II., III.,